

Til Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara,
Nefndasviði Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.



Krabbameinsfélagið

7. desember. 2004

Krabbameinsfélag Íslands hefur fengið til umsagnar **frumvarp til laga um græðara**,
246. mál Alþingis.

Mikilvægt er að koma skipan á málefni þeirra sem sinna óhefðbundnum lækningum eða starfsemi þeirra sem valið er nafnið græðarar í þessu frumvarpi. Nýlegar rannsóknir og kannanir hér á landi sýna að slík þjónusta af ýmsu tagi er mikið notuð af ýmsum hópum sjúklinga, ekki síst þeim sem greinast með krabbamein.

Það er brýnt að notkun óhefðbundinna lækninga stangist ekki á við hefðbundna lækni meðferð, því sýnt hefur verið að það getur hún gert, og að öryggis sjúklinga og neytenda slíkrar þjónustu sé gætt sem best með skilgreindum og ábyrgum hætti.

Sú starfsemi sem nefnd er heilsutengd þjónusta í frumvarpinu en telst til óhefðbundinna lækninga er af ýmsum og mjög fjölbreyttum toga. Í því litrófi er að finna aðferðir sem hafa verið kannaðar og árangur þeirra metinn með vísindalegum hætti og svo aðrar sem erfitt er að henda reiður á. Mikilvægt er að gott upplýsingaflæði sé milli þeirra sem stunda hefðbundnar lækningar og sjúklinga um þær óhefðbundnu meðferðir sem viðkomandi sjúklingar fá.

Gagnrýn og gagnreynd vinnubrögð eru því mikilvæg á þessu sviði eins og á sviði hefðbundinna lækninga. Skilgreining, skráning, faglegar kröfur, siðareglur og viðurkenning starfseminnar og einstaklinga sem hana stunda af viðkomandi fagfélögum og Bandalagi græðara eru allt jákvæð spor í átt til meira öryggis. Einnig eftirlit landlæknis sem er mikilvægt í þessu samhengi. Ástæða er þó til að huga að því að skráning og þær sjálfsögðu kröfur til starfseminnar og viðurkenning hennar sem getið er að ofan gefi ekki óhefðbundnum lækningum einhvers konar ígildi hefðbundinna lækninga.

Mikilvægt er að endurskoða hvernig lög þessi reynast eins og getið er um í 10. gr.

Engar sérstakar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið að öðru leyti eða við meðfylgjandi reglugerð.

Fyrir hönd Krabbameinsfélagsins styð ég eindregið að þetta frumvarp verði samþykkt.

Með vinsemd,

Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands